

HEMINGSPÁTTUR FJARRÆNA OG FLEIRI SÖGUR ÓTRÚLEGAR

I

Sir William Crookes, sem dó í vor, nær 87 ára að aldri, var einn af ágætustu vísindamönnum á Englandi um sína daga. Hann fann nýtt frumefni (Thallium) og rannsakaði mjög vandlega, og með öðrum uppgötvunum varð hann brautryðjandi hinnar nýju eðlisfræði. Lá við sjálf, að Crookes hefði fundið geisla þá, sem Röntgen fann síðar; en þá bar svo til, að hann varð í erindum stjórnarinnar að hverfa frá þessum rannsóknum sínum. Kom hér fram sem oftast, að það verður notadrýgst, að vísindamenn ráði sem mest sjálfir, hvað það er, sem þeir starfa að. Að Crookes, sem var efnafræðingur að menntun, megnar að færa sig yfir á nýtt svæði og vinna þar afreksverk, ber ekki síst vott um afbragðlegt vit. Og enn reyndi hann sig á svæði, sem var honum nýtt, þegar hann fór að rannsaka miðilfyrirburði. Hefir ýmsum þótt það blettur á Crookes, að hann skyldi ekki finna brögð í tafla, þar sem ekki voru, en þó eru það þessar rannsóknir, sem síðast voru nefndar, sem mest hafa orðið til þess að gera nafn hans lýðkunnugt. Hafa andatrúarmenn haldið mjög á loft þessum rannsóknum hans, og þótt sem málstað sínum væri styrkur mikill að nafni svo framúrskarandi rannsóknara. Enda er það sannast að segja, að eftir það sem Crookes hefir lagt til málanna, verður ekki með skynsemd rengt, að miðilfyrirburðir eiga sér stað.

II

Sjálf rit Crookes um fyrirburðarannsóknir hans er hér því miður ekki til, en ég geri ráð fyrir, að útdrættir þeir sem ég hefi séð, muni vera réttir.

Crookes segir frá því, að stúlka er að rita ósjálfrátt. Hún ritar á þá leið, að það sé einhver vitvera utan við hana, sem hafi áhrif á heila hennar og komi henni til að skrifa. Crookes spyr þá þessa veru, hvort hún geti séð það, sem sé í herberginu; „já“ er ritað. Þá styður Crookes fingri á blað (Times) á borðinu fyrir aftan hann, og biður veruna að skrifa orðið, sem sé undir fingrinum. Rittækið í hönd stúlkuunnar skrifaði seinlega og erfiðlega orðið „however“. Reyndist það rétt. Crookes segir, að hvorki hann né stúlkan hafi vitað, hvaða orð það var, sem hann studdi fingri á. Þarf ekki að efa, að hann segir satt. Sannleiksást slíkra manna er hið skásta, sem til er af því tagi á þessari ófullkomnu jörð.

Hver var það nú, sem kunni svona undursamlega vel til fjarskynjunar, eins og þessi tilraun ber vott um? Það virðist óhætt að gera ráð fyrir, að enginn hafi það verið á jörðu hér. Andatrúarmenn munu segja, að það hafi verið andi einhvers framliðins. En sú skýring liggur alveg beint við, að þessi merkilegi fjarskynjandi eigi heima á öðrum hnetti, þar sem komið er miklu betur á vitleið en á jörðu hér. Tilraun slík sem nú var af sagt, sýnir nógsamlega, að það er miklu vænlegra til framfara í vísindum að gera ráð fyrir því, að slíkar verur séu til, heldur en hinu. Og það er gagnstætt eðli vísindanna, að leita í einhvern annan heim skýringa á fyrirburðum, áður en þrautreynt er, hvort þær sé ekki að finna í þessum.

III

Enginn sá fyrirburður, sem á miðilfundum verður, er merkilegri en þegar koma fram hémingar eða líkamningar. Héming eða líkamning kalla ég það, er spiritistar nefna Fantom. Það er, að því er menn ætla, „andi“, sem tekur á sig líkama, líkamast, með tilstyrk miðilsins (og annarra, sem viðstaddir eru tilraunina). Orðið líkami er mjög eftirtektarvert; það er hamur, sem er líkur einhverju, líkhamur eða líki, það sem líkt er.

Það er ekki lítið furðulegt, er komið geta fram á miðilfundum verur, sem líkar eru ásýndum mennskum mönnum,

og sýnast vera af holdi og blóði, en verða þó til á mjög annan hátt en mennirnir á jörðu hér. Er því líkast sem þær skapist af engu þar í miðilsklefanum, eða úti í herberginu; og þær hverfa þannig, að þær hjaðna niður og leysast sundur. Þetta er ekki beinlínis trúlegt, enda hafa menn efast mjög. En þó er nú svo komið, að það má fara að telja það bera vott um vanþekkingu fremur en speki, ef menn halda því fram, að þar sé ekki um annað en svik að ræða eða misýningar. Skal nú sagt nokkuð af heningi þeim eða hamingju*, sem einna frægust er og nefnd er Katie King, en Crookes fékkst nokkuð við að rannsaka.

IV

Árið 1872 var uppi í Lundúnaborg stúlka, sem Florence Cook hét; hún var þá 16 ára að aldri. „Frá barnsárum,“ segir hún í bréfi til Harrisons ritstjóra, „hefi ég séð anda og heyrt raddir þeirra.“ Þegar hún var ein talaði hún við „andana“, sem voru í kring um hana, og hélt, að það væru lifandi menn. Segir líkt af henni og H. P. Blavatsky; hafa þær báðar verið líkar konum þeim sem í fornöld voru nefndar völvur eða spákonur. Merkilegast af því sem Florence Cook segir frá fyrstu andatrúarfundunum, þar sem hún var miðillinn, er, að hún tókst á loft og sveif yfir höfuðin á þeim sem viðstaddir voru. Hún hélt að andarnir hefðu borið sig. Árið 1872, 22. apríl, líkamaðist í fyrsta sinn þessi „andi“, sem nefndist Katie King, og síðar varð frægur mjög.

* Sbr. Vafþrúðnismál: Óðinn spyr:

hverjar 'ro meyjar,
es líða mar yfir,
fróðgeðjaðar fara.

Vafþrúðnir svarar:

Þrjár þjóðir
falla þorp yfir
meyja Mögþrasis;
hamingjur einar
þærs í heimi eru,
þó þær með jötnum alask.

Skrifar miðillinn Harrison ritstjóra að einungis efri hlutinn af Katie King hafi líkamast, en að neðri hlutanum hafi hún verið eins og ský, sem lagði af daufa birtu. Hér um bil ári eftir að Katie hafði gert fyrstu tilraun sína til að líkamast, var henni farið að takast þetta svo vel, að hún gat gengið um meðal þeirra sem á fundinum voru, þó að bjart væri. Og í nóvember 1873 skrifar hún á einum fundinum bréf, þar sem segir, að hún heiti í rauninni Annie Morgan. En þó skrifar hún undir Katie King. Nokkru seinna skrifar hún ekki það nafn undir bréf, heldur einungis Annie Morgan. Athuganir þessar eru mjög eftirtektarverðar og í góðu samræmi við fleira, sem segir af „anda“ þessum. Brot úr samtali, sem fór fram á fundi 28. nóvember 1873, er á þessa leið: Getið þér sagt mér, segir einn fundarmaðurinn við „andann“, hvers konar krafta þér notið til þess að framleiða efnislíkama yðar eða eyða honum? Katie kvað nei við því. Er hún þá spurð, hvort það sé rafmagn eða eitthvað þess háttar, og svarar á þá leið (sennilega í sambandi við hugmyndir fundarmanna), að það sé flónska að ímynda sé, að rafmagn komi þar til greina. Á sama fundi er Katie spurð, hvort hún eigi mann, og játar hún því. Katie gat talað, áður en hemingurinn eða hamingjan var fullger; talaði hún hásum rómi. En þegar hún söng og fundarmenn með henni, var röddin skær og fögur. Sú athugun er sérlega eftirtektarverð. Í ársbyrjun 1874 hóf prófessor Crookes tilraunir sínar með Florence Cook. Segir Crookes, að líkamningurinn Katie hafi verið mishár. Fóru svo tilraunirnar, að hinn ágæti athugandi þóttist ekki geta efast um, að þessi kvenvera, sem nefndist Katie King eða Annie Morgan og var forkunnlega fríð, kæmi fram þarna á fundinum og hyrfi þar aftur. Tók Crookes af „andanum“ margar ljósmyndir, og gat myndað í einu bæði andann og miðilinn. „Andinn“ líkamaðist síðast 21. maí 1874.

V

Ekki verður því neitað, að saga þessi er hin ótrúlegasta; kvenmaður skapast og hverfur aftur á miðilfundum. En þó er allt annað en árennilegt að halda því fram, að sagan sé ekki

sönn. Heimildarmaðurinn, prófessor Crookes, er spekingur að viti og vanur mjög vandasömum rannsóknum; og að um svik hafi verið að tefla af hans hálfu kemur ekki til mála. Og það er heldur ekki vandkvæðalaust að meta að engu vitnisburð allra annarra, sem að eigin sögn sáu líkamninginn Katie King. Um svik eða brögð miðla hefir annars verið ritað og dæmt af hinni mestu vanþekkingu, eins og um svo margt annað í þessum efnum. Menn hafa ekki vitað af áhrifum fundarmanna á miðilinn, ekki gætt að því, hversu líklegt það er, að sannfæring einhverra fundarmanna um, að miðillinn sé svikari, muni nægja til þess að dáleiða miðilinn eftir hugmyndum slíkra manna. Í bókinni *Physiologie transcendente* eftir hinn nafnkunna franska lækni Gibier, er sagt frá fróðlegum athugunum, sem að þessu líta.

VI

Frank Podmore hefir maður heitið, enskur. Hann hefir skráð sögu andatrúarinnar nýju í miklu riti og dæmt hana (*Modern Spiritualism, a History and a Criticism. I-II*). Er undirstöðusannfæring höfundarins sú, að „anda“ fyrirburðirnir verði skýrðir með því að gera ráð fyrir ginningum og brögðum af miðlanna hálfu, en skynvillu, ónákvæmri athugun og einfeldni af hálfu þeirra, sem athugað hafa fyrirburði þessa. Málstaður þessi er varinn í bókinni af miklum lærdómi og skarpleik, og munu margir gengið hafa frá lestrinum samtrúa Podmore. Höfundur þessi er mjög gott dæmi þess skarpleiks, sem er laus við skapandi vit (geni), og í bók hans lýsir sér ágætlega þetta, sem hann kallar sjálfur *the superstition of incredulity: hjátrú eflagirnnar*.

Alveg satt er það, að sögurnar af fyrirburðunum eru ýmsar í ótrúlegasta lagi. Eins og til dæmis sögurnar um lengingu miðilsins (elongation). Podmore segir frá miðli, sem átti að hafa lengst svo, að hann varð, eftir ágiskun, yfir 7 fet (ensk) á hæð. Féll miðillinn eftir þetta á gólfið og hefir þá skroppið saman aftur til eðlilegrar stærðar; kvartaði hann um stirðleika og illa líðan, þegar hann vaknaði af

miðilssvefninum, og spurði, hvort þeir (þ.e.a.s. „andarnir“) hefðu teygt úr honum.

Hvað mikið af þessari lengingu, sem áhorfendurnir hugðu vera, hefir verið hrein og bein ímyndun og hvað spröttið af brögðum miðilsins er erfitt að giska á, segir Podmore.

Þá eru sögurnar um eldraunir, og vikur þar aftur að rannsóknum Crookes. Tek ég hér upp frásögn hans um tilraun með hinn nafnfræga miðil D. D. Home, 28. apríl 1871 (Podmore, II, s. 262-263). „Home bað mig;“ segir Crookes, „þegar hann var í miðilsvefni, að ganga með sér að eldstónni í efri stofunni. Hann sagði: vér (þ.e. „andarnir“, sem stjórna hinum sofandi miðli) viljum, að þér gefið nákvæmar gætur að því, sem Dan (þ.e. miðillinn sjálfur, sem hét Daníel) er að gera. Ég stóð þess vegna nálægt eldinum og laut niður að honum, þegar Home fór með hendurnar í hann. Án þess að fara sér að nokkru ótt, ýtti hann kolamolunum frá og kom við einn sem var ljósrauðglóandi. Því næst sagði hann: „Krafturinn er ekki nógu mikill á hendinni á Dan, þar sem vér höfum beint áhrifum vorum mest að vasaklútum. Það er erfiðara að hafa áhrif á líflausan hlut, eins og vasaklútinn, heldur en á lifandi hold, svo að þar sem ástæður eru heppilegar, kom oss til hugar að sýna yður, að vér getum aftrað því, að rauðglóandi kol brenni vasaklút. Vér ætlum að safna meira afli á vasaklútinn og endurtaka þessa tilraun fyrir yður. Nú!“

Home veifaði því næst vasaklútum tvisvar eða þrisvar, hélt honum uppi yfir höfði sér, braut hann síðan saman og lagði á höndina á sér. Hinni hendinni stakk hann í eldinn, tók stóran kolamola, sem var rauðglóandi öðrumegin, og lét hinn rauðglóandi hluta á vasaklútinn. Við vanalegar ástæður mundi klúturinn hafa logað upp. Eftir hér um bil hálfa mínútu tók hann kolið með hendinni og sagði: „þar sem aflið er ekki mikið, mun kolið fara að brenna klútinn, ef vér látum það vera lengur“. Annarri tilraun segir Crookes frá, sem fram fór 9. maí 1871; segir hann frá því, hversu Home rótaði með hendinni í heitum viðarkolum, tók því næst rauðglóandi mola á stærð næstum því við sínepli (appel-

sínu), lagði lúkurnar saman um kolið og blés í, þangað til það var nærri hvítglóandi; „bað hann mig því næst að gæta að blossanum, sem lagði af kolinu um fingur hans.“

VII

Það hygg ég, að Crookes hafi þarna rétt séð og segi satt frá, og skal því ekki leynt, að ég treysti honum betur til hvorstveggja heldur en mönnum slíkum sem Podmore eða Flournoy. Það sem þarna er sagt frá, er magnanar-fyrirburður; þeir sem tala fyrir munn hins sofandi miðils, ráða fyrir einhverju afli, sem getur aftrað því, að eldur vinni á lifandi holdi eða eldfimum dauðum hlut. Þeir sem stýra tilrauninni „hinumegin“ — ég geri auðvitað ráð fyrir, að það hafi verið menn á öðrum hnetti — tala, eins og þeir hlaði klútinn einhverjum krafti, líkt og þegar talað er um að rafmagna. Liggur beint við, hvernig þetta á að skilja, þegar kunnar eru ýmsar athuganir, sem vikið er á annarstaðar í þessum ritgerðum. Podmore þykir það grunsamlegt, að tilraunir af þessu tagi hafi viljað mistakast, ef þátttakendur voru ekki valdir. En ekki þykir oss slíkt undarlegt, sem vitum, að áhrif fundarmanna á miðilinn ráða mjög fyrir áhrifum þeim, sem verða á miðilinn frá íbúum annarra hnatta.

Vér getum nú vel skilið sögu af ágætum Íslendingi, sem lagði lífið í sölurnar til þess að bjarga íslenskum málstað. Ótryggur hét hann, þessi mjög tryggi maður, og Þangbrandur drap hann og Íslendingar með honum. Sýndi sig þar sem oftast, hversu erfitt það er hér á Íslandi að vera á einhvern hátt óvanalega stór. Ótryggur var svo hár vexti, að húsin þar í Haga voru ekki við hans hæfi, og þegar hann reiddi upp sverðið og ætlaði að höggva til illmennisins, þá festi í bitanum. Ótryggur var goðmagnaður maður, og má nú vel skilja, að eitthvað muni vera hæft í sögunni um, að hann hafi getað vaðið þann eldinn, sem hans fylgismenn höfðu vígt, en brunnið, þegar áhrifin frá Þangbrandi og hans fylgismönnum komu til greina.

VIII

Þá kem ég að því, sem nefna má hafning (levitation). Miðillinn tekst upp og liður í lofti, og eru einnig þær sögur hinar ótrúlegustu. Crookes athugaði þetta á Home. Segir hann frá því, hvernig hann sá miðilinn hefjast standandi hér um bil 6 þumlunga frá gólfinu, svífa í loftinu hér um bil 10 sekúndur, síga því næst hægt niður aftur. Í annað skipti (21. apríl 1872) sást Home sitjandi í loftinu, án þess nokkuð væri sýnilegt, sem styddi hann. Podmore heldur, að brögðum hafi verið beitt. Aðrir sáu Home hefjast á loft miklu stórkostlegar heldur en þegar Crookes athugaði hann, og er þar ótrúlegust sögn þeirra Wynne liðsforingja og tveggja annarra, sem síðar höfðu titlana jarl af Crawford og jarl af Dunraven. Það var í Lundúnum 16. des. 1868, að Home sveif í miðillssvefni út um glugga og inn um glugga á öðru herbergi, sem áður nefndir menn voru í; fjarlægðin milli glugganna er sögð hér um bil 7 fet og 6 þumlungar.

Mér þykir líklegra, að sagan sé sönn, og kemur það vel heim við þetta litla, sem ég veit í náttúrufræði, að Home hafi liðið best í loftinu, þegar einungis aðalsmenn voru viðstaddir. Þessir menn hafa verið magnaðir af margra fylgi og virðingu. Og ennþá betur mundi Home hafa svifið, ef hinn magnandi hringur hefði verið 10-12 konungar og keisarar — óafsettir, auðvitað.

IX

Þegar Home getur, sér að skaðlausu, látið loga leika um fingur sér, eða annar maður (sbr. Podmore, II, s. 264) haldið blossa að augunum, án þess að saki, þá er það af því, að þessir menn fá þátt í lífsafli þeirra, sem lengra eru komnir, og auðvitað eiga heima á öðrum hnetti. Mun það einhvern tíma þykja ótrúlegt, hversu erfiðlega gengur að fá menn til að sjá, að hér er hið sanna sagt, þar eð þetta er sú skýring, sem liggur beinast við, síðan Kóperníkus og Brúnó komu stjörnufræðinni í rétt horf. Eins er það fyrir magnan frá þeim, sem á öðrum hnöttum eru komnir svona furðulega langt í að sigra þyngdina, sem Home getur liðið í lofti.

Það er vegna vanþekkingar, sem mönnum þykja slíkar fyrirburðasögur svona ótrúlegar. Fyrir hundrað árum, og þó að miklu skemmri tími væri til tekinn, hefði það líka þótt með öllu ótrúlegt, að svo gæti til hagað, að maður væri að aftni dags í Ameríku, en næsta dag á Englandi; eða að menn gætu talað saman, þó að Atlantshafið væri á milli þeirra; eða að straumaflið í Gautelfi mætti hafa til að knýja vélar og bera birtu í Kaupmannahöfn. Og þýðing þess, að það sýnir sig, að satt er sagt frá slíkum fyrirburðum, er ekki sú, að nú verði menn að taka upp aftur óbreytta ýmsa trú og hjátrú frá fornöld og miðöld, heldur önnur og meiri. Þýðingin er sú, að útsýnið víkkar stórkostlega, og vér skiljum, að í vændum er framtíð takmarkalausrar megundar. Magnan miðilsins er í eðli sínu ekki frábrugðin því sem á sér stað í vanalegum svefni, og vér sjáum fram á, að lífmagnan, bioradiooperapi, verður aðallækningaraðferð, og þó þannig, að ekki mun þurfa síður lækniskunnáttu en nú, ef duga skal til fulls. Vér getum nú öðlast þá þekkingu, sem Mesmer skorti, og Braid og hans lærisveina ennþá meir. Þegar vér höfum fundið lífmagnanina, skiljum vér, að lífið heldur áfram, og sá skilningur er beint fram af uppgötvunum Lavoisiers, R. J. Mayers og annarra náttúrufræðinga. Sú misklíð hverfur, sem verið hefir milli trúar, heimspeki og vísinda, og vér sjáum glöggt leiðina til hins mikla sambands. Stefnuskiptin frá dysexelixis til diixelixis verða, þegar fundið er sambandið við aðra hnetti, og jafnframt gerðar undirstöðuathuganir þeirrar líffræði, sem viðurkennir ekkert „ignorabimus“ eða „Unknowable“ og rannsakar einnig lífið lengra fram; setur vísindi í trúar stað. Trúin á andaheim hverfur, og allur framfarahugur göfgast og margfaldast, þegar menn skilja, að einmitt hér er leiðin fram til alfremdar lífsins.